

1872.

1. desbr.

Frá endastöðvum póstleiðarinnar leggur póstur af stað snemma morguns hinn ákveðna ferðadag, og brèfa meðtaka hættir kl. 8 kvöldinu fyrir. Komudagur póstis til og ferðadagur hans frá millistöðvunum verður ekki nákvæmlega tiltekinn. Þeir fyrstu ferðadagar frá millistöðvunum, sem til eru teknir í hinni nákvæmu ferðaáætlun, eiga einungis að gefa í skyn, að póstarnir megi þar ekki lengur dvelja, en þörf gjörist til að afgreiða þá áleiðis og að kynna almenningi þann tíma, er með vissu verður tekið við póstsendingum á millistöðvunum með hverjum pósti.

Aukapóstarnir fara optastnær daginn eftir að aðalpósturinn frá Reykjavík kemur á þann stað, hvaðan aukapóstur skal hefja ferð sína, og koma aptur til baka eftir sólarhrings dvöl á endastað leiðar sinnar, þó svo að þeir ávallt skuli ná aðalpósti á apturleið hans um hlutaðeigandi póststöðvar.

Að öðru leyti visast til hinnar nákvæmu ferða-áætlunar póstanna, sem verða mun til eptirlits og leiðbeiningar á öllum póststöðum í landinu, og þar að auki verða látin til útbýtingar hjá amtmönnunum.

Íslands stiptamt Reykjavík, 1. desbr. 1872.

Hilmar Finsen.

5. desbr.

115. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sölu tómthúss á Vestmannaeyjum.

Með brèfi, dagsettu 5. oktbr. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem tómthúsmaður Guðmundur Árnason á Ömpuhjalli á Vestmannaeyjum sækir um, að hann fái til eignar ný hús, sem hann hefir byggt upp á lóð nokkurri, sem er þjóðeign, með þeim skilyrðum, að hann borgi til umboðssjóðsins 28 rd., sem hús þau, er fylgdu lóðinni og sem honum voru fengin við úttektina, eru virt samkvæmt skoðunargjörð, sem framför 17. marz 1870, og að hann greiði eins og hingað til 32

fiska, eptir verðlaginu á hörðum fiski, í lóðargjald fyrir tæð hús á ári hverju.

1872.
5. desbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það sækjandanum, að stjórnarráðið eptir kringumstæðunum leyfir, að bæði hin nýju hús og sjálf lóðin með tilheyrandi garðstæði verði eign hans, með þeim skilyrðum, að hann greiði á ári hverju til umboðssjóðsins 32 fiska afgang, sem hvíli á eigninni og verði þinglýst sem veð, og að hann borgi til tæðs sjóðs 28 rd. fyrir gömlu húsin.

116. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sekt fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum.

10. desbr.

Í bréfi, dagsettu 24. septbr. þ. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins fyrirspurn frá bæjarfógetanum í Reykjavík um, hvort sóttvarnarhaldsnefndin þar megi verja sekt nokkurri uppá 15 rd., sem skipstjóri A. B. Lassen frá Kaupmannahöfn hefir goldið til sóttvarnarhaldsstjórnarinnar, samkvæmt úrskurði stiptamtsins 23. febr. þ. á. fyrir afbrot, er hann hafði gjört sig sekan að í Reykjavík gegn tilsk. 8. febr. 1805¹, — en fyrnefndur bæjarfógeti hefir tekið við sektinni —, til þess að borga kostnað þann, sem hefir hlotizt af ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið á þessu ári til sóttvarnarhalds, eða þá að öðrum kosti, í hvern sjóð greiða skuli tæða upphæð, og hafði þér jafnframt stungið uppá, hvort greiða skuli upphæðina í landssjóðinn, eða ávísa hana sóttvarnarhaldsnefndinni til þess, sem sagt var.

Út af þessu verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það bæjarfógeta, að með því

¹) Lovsamling for Island, VI., 691.